


Stjórn SSH / eigendavettvangur SORPU bs.

Hamraborg 9
200 Kópavogur



Reykjavík 23. nóvember 2017

VARÐAR: Viðræður við Kölku (Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf.) um mögulega sameiningu við SORPU

Síðustu misseri hafa staðið yfir viðræður við Kölku um hugsanlega sameiningu SORPU og Kölku. Capacent var fengið til að gera skýrslu um hugsanlegt virði fyrirtækjanna áður en lengra væri haldið og til að leggja mat á helstu kosti sameiningar fyrir hvorn aðila. Þessi áfangavinna var kynnt fulltrúum SSH á vordögum og var í kjölfarið verkefnið kynnt í borgar- og bæjarráðum allra sveitarfélaganna sem að SORPU standa.

Niðurstaða Capacent er að eignaskipting sé u.þ.b. sama skipting og fjöldi íbúa á hvoru svæði þ.e.a.s. 90/10 % skipting (SORPA/Kalka).

Á síðasta stjórnarfundum SORPU bs. þann 21. nóvember var eftirfarandi fært til til bókar:

„Framkvæmdastjóri kynnir að hann ásamt starfsmönnum Capacent hafa farið á fundi í öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og kynnt bæjarráðum þá vinnu sem unnin hefur verið. Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri greina frá fundi með forsvarsmönnum Kölku um framhaldið. Stjórn felur formanni og framkvæmdastjóra að senda erindi á SSH/eigendavettvang SORPU þar sem óskað verður eftir afstöðu eigenda til áframhaldandi viðræðna. Jafnframt verði afrit sent öllum eigendum.“

Í samræmi við bókun stjórnar SORPU er hér með óskað eftir formlegri afstöðu eigenda við áframhaldandi viðræðum.

Virðingarfyllt,

f.h. SORPU bs.

Halldór Auðar Svansson
stjórnarformaður

Björn H. Halldórsson
framkvæmdastjóri

Afrit:

Borgarráð Reykjavíkur, Bæjarráð Kópavogs, Bæjarráð Hafnarfjarðar, Bæjarráð Garðabæjar, Bæjarráð Mosfellsbæjar
Bæjarráð Seltjarnarnesbæjar